



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð

Ábyrgðarmaður: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Inngangur:

Fyrstu reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborgar voru samþykktar árið 1988. Í janúar 1995 voru nýjar reglur um fjárhagsaðstoð samþykktar eftir viðamikla endurskoðun. Reglurnar byggðu m.a. á réttindasjónarmiði í stað einstaklingsbundins mats áður, að gengið skyldi út frá ákveðinni upphæð til framfærslu og tók hún mið af bótum Tryggingastofnunar ríkisins (hámarks lífeyrisgreiðslum). Þann 1. janúar 2012 urðu nokkrar veigamiklar breytingar á reglunum en þá hækkaði upphæð fjárhagsaðstoðarinnar töluvert meira en áður hafði verið. Á árinu 2021 urðu síðan aðrar veigamiklar breytingar á reglunum m.a. með tilkomu þjónustugreiðslna til foreldra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu.

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að endurskoða núverandi reglur um fjárhagsaðstoð í heild sinni. Meta skal áhrif þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á reglunum á undanförunum árum, leggja mat á þörf á frekari breytingum m.a. út frá samspili við aðrar félagslegar bætur (s.s. húsnæðisbætur, atvinnuleysisbætur og lífeyrisgreiðslur) sem og að horfa til úrræða sem stuðla að sjálfstæði og valdeflingu notendahópsins. Hópurinn skal afla upplýsinga um hvort breytingar verði á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr.41/1991 og/eða lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.

Formaður leiðir stýrihópin og ákveður nánari tilhögun um vinnu hans.

Starfsmaður hópsins sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundargerða og önnur praktísk atriði.

Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á velferðarsviði að vinna að ákveðnum verkefnum í tengslum við stefnumótunina, s.s. starfsfólki í fjármáladeild og í teymi árangurs- og gæðamats.

Stýrihópin skipa:

Magnea Gná Jóhannsdóttir, fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar sem jafnframt er formaður.

Magnús Davíð Norðdahl fulltrúi meirihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Sandra Hlíf Ocares fulltrúi minnihluta í velferðarráði Reykjavíkurborgar.

Helga Jóna Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Sigrún Skaftadóttir, deildarstjóri velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Ásta Kristín Benediktsdóttir deildarstjóri Norðurmiðstöð.

Inga Borg fjármálasérfræðingur velferðarsviði Reykjavíkur.



Starfsmaður stýrihópsins:

Kristín Ösp Jónsdóttir og Fanney Magnadóttir lögfræðingar velferðarsviðs Reykjavíkuborgar eru starfsmenn hópsins.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig, eftir því sem við á, ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Áherslu skal leggja á samráð við notendahópa.

Starfstímabil og skil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok febrúar 2023.

Reykjavík, 29. nóvember 2022

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs